

GÁTLISTI FYRIR SKÓLA TIL AÐ VERÐA HINSEGINVÆNIR

NEMENDUR

Nemendur eru fjölbreyttir og byrja að tjá kynvitund sína og kynhneigð á öllum aldri.

Nemendur geta einnig átt hinsegin fjölskyldur og vini. Skólar þurfa að vera vel í stakk búnir til að styðja við fjölbreyttan nemendahóp. Besta leiðin til að gera það er að skapa og rækta opna og umburðarlynda menningu innan skólans, þar sem hinsegin nemendur verða ekki fyrir einelti og upplifa sig vera hluti af hópnunum. Þá þarf einnig að beina sjónum að nemendum sem eru ekki hinsegin og hvernig þau tala og haga sér.

Með því að vinna að hinseginvænni skóla er unnið gegn staðalmyndum sem geta þrengt að fleirum en einungis hinsegin fólki. **Hinseginvænn skóli er góður fyrir alla.**

- Mikilvægt er að fá hinsegin fræðslu fyrir nemendur grunnskóla, t.d. frá Samtökunum '78, en Reykjavíkurborg er með þjónustusamning við félagið sem þýðir að skólar geta fengið ókeypis hinsegin fræðslu fyrir nemendur.
- Mikilvægt er að bera virðingu fyrir fjölbreyttri kyntjáningu nemenda, hvort sem það er í gegnum klæðnað, nöfn og fornöfn, áhugamál o.fl. Gott getur verið að fá fræðslu fyrir starfsfólk frá Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar, Mannréttindaskrifstofu og skoða hinsegin efni á vef Reykjavíkurborgar.
- Mikilvægt er að styðja við fjölbreyttar kynhneigðir nemenda og veita þeim tækifæri til að tjá sig um hana. Gott er að grípa tækifærið þegar umræður skapast um ástir, kynhneigðir og sambönd til að fræða nemendur um hinseginleikann.
- Mikilvægt er að fagna ólíkum fjölskylduformum, ræða þær og gera sýnilegar þannig að nemendur sem eiga t.d. hinsegin foreldra sjá að þeirra fjölskyldur eru jafn gildar og fjölskyldar annarra. Hægt er að finna kennsluefni á vef Reykjavíkurborgar.
- Mikilvægt er að nemendur viti að þú sért styðjandi og að þér sé treyst fyrir umræðum um hinsegin málefni. Hér er gott að spyrja sig: Hvernig veit nemandi að þú sért styðjandi og fordómalaus?

Það er dýrmætt ef nemandi er hinsegin og leitar til þín eftir ráðgjöf og stuðningi. Þú þarft ekki að vita allt um hinsegin málefni og mátt setja umræðuna á pásu á meðan þú leitar upplýsinga og ráða. Mikilvægt er þó að taka upp þráðinn við nemandann að nýju og halda samtalinu gangandi.

KENningarar og Starfsfólk

Nemendahópar, rétt eins og starfsmannahópar, eru fjölbreyttir og þurfa kennsla og umræður að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins. Mikilvægt er að sýna fjölbreyttar myndir af fólki, fjölskyldum og kyntjáningu.

Æskilegast er að hinsegin málefni séu fléttuð saman við almenna kennslu og umræður ásamt því að fjallað sé sérstaklega um þau. Gott er að grípa tækifærið þegar nemendur opna á umræður um hinsegin málefni og styðja við þær. Kennarar og annað starfsfólk getur ávallt fengið hinsegin fræðslu og stuðning.

- Mikilvægt er að þekkja einhver hinsegin hugtök og hafa grundvallar skilning á hinsegin málefnum. Hægt er að fá hinseginfræðslu að kostnaðarlausu fyrir starfsfólk frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Einnig er Regnbogavottun Reykjavíkurborgar í boði.
- Mikilvægt er að tryggja að nemendur fái sérstaka hinseginfræðslu t.d. frá Samtökunum '78, en einnig að kennarar fjalli um og samþætti hinsegin málefni inn í kennslu sína á öllum skólastigum, allt árið um kring.
- Mikilvægt er að nota kennslufni sem sýnir margar ólíkar ímyndir fólks, kyns og sambanda, en sýnileiki og fyrirmyndir skipta miklu máli og geta hjálpað nemendum að átta sig á og líða vel með eigin sjálfsmynd.
- Mikilvægt er að fjalla um og sýna alls konar fjölskyldur, t.d. þar sem foreldrar eru af sama kyni, þar sem er eitt foreldri, fleiri en tveir foreldrar, trans foreldrar, stjúp foreldrar, fóstur foreldrar, engir foreldrar o.s.frv.
- Mikilvægt er að huga að því að nemendur geta verið trans og þá geta sum þeirra verið stálp. Mikilvægt er að kynna sér notkun á kynhlutlausum fornöfnum, t.d. hán, og nota þau ef nemandi (eða önnur í kringum þig) nota þau fornöfn.
- Mikilvægt er að taka á fordómafullri orðræðu og orðanotkun (svo sem hommi og hommalegt, kerlingalegt, „eins og stelpa“ – sagt á neikvæðan hátt) og þar með koma í veg fyrir slíkt og senda skýr skilaboð um að þú standir gegn fordómum og fagnir fjölbreytileikanum. Jafnvel má gera samkomulag eða samskiptasáttmála með nemendum í byrjun skólaárs um orðanotkun og umræður. Þá er tilvalið að eiga samstarf við frístund og félagsmiðstöð um slíkt samkomulag.

SKÓLINN

Gott er að tryggja að allt upplýsingaefni, póstar og ávörp taki mið af því að fjölskyldur nemenda eru fjölbreyttar og tryggja að allir nemendur og fjölskyldur upplifi sig velkomin. Mikilvægt er að kennarar og starfsfólk fái hinsegin fræðslu á a.m.k þriggja ára fresti. Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta einnig sótt um Regnbogavottun.

- Mikilvægt er að tryggja að efni skólans gerir ráð fyrir fjölbreyttum fjölskyldum nemenda.
 - Eyðublöð, skráningar, umsóknir:** Best er að skrá forsjáraðila #1 og forsjáraðila #2 (í stað móðir, faðir). Kyn skal skrá á eftirfarandi hátt: karl/kona/kynsegin sbr. lög nr. 80/2019.
 - Fréttabréf, auglýsingar og tölvupóstar:** Best er að ávarpa fjölskyldur nemenda sem fjölskyldur eða foreldra og forsjáraðila. Gott er að temja sér að bjóða öll velkomin.
 - Heimasíða:** Best er að nota „fjölskyldur“ eða „foreldra og forsjáraðila“, „kynin öll“ eða „karl, kona, kynsegin“ og „öll velkomin“ þar sem það á við. Gott er að hafa jafnréttisáætlun skólans sýnilega sem og eineltisstefnu og taka fram að skólinn sé hinseginvænn.
 - Fundir og fjölskylduþátttaka:** Það þarf að endurhugsa pabba- og mömmukaffi, bónda- og konudaginn og aðra sambærilega viðburði sem gera ráð fyrir gagnkynhneigðum foreldrum og samböndum. Í staðinn mætti t.d. vera með fjölskyldukaffi sem byggist ekki á ákveðnu kyni eða foreldratengslum og fagna þorranum og góunni.
 - Myndefni:** Gott er að huga að fjölbreytileika í öllu kynningar- og myndefni, þannig að bæði sé verið að sýna fjölbreytta kyntjáningu barna (strákar með sítt hár, stelpur í smíði o.s.frv.), en einnig gert ráð fyrir ólíkum fjölskylduformum (tvær mömmur, tveir pabbar o.s.frv.).
- Mikilvægt er að huga að fjölbreytileika, þá sérstaklega er varðar kynvitund þegar litið er á skipulag skólans og tryggja framboð á ókyngreindum rýmum svo sem salernum og búningaklefum.
- Mikilvægt er að eineltisstefna skólans nefni þá hópa sem eiga á hættu á að vera fyrir einelti, þ.m.t. hinsegin nemendur (sjá handbók fyrir starfsfólk skóla um Ofbeldi gegn börnum).
- Mikilvægt er að fylgjast með rannsóknum og sækja viðburði þar sem staða hinsegin barna og nemenda er til umfjöllunar.

Hægt er að finna frekari upplýsingar um hinsegin börn og skóla, hugtök og fræðsluefni á vef Reykjavíkurborgar undir Hinsegin börn og skólar. Einnig er hægt að hafa samband við sérfræðing Reykjavíkurborgar í hinsegin málefnum.